

# TILNEFNINGAR TIL ÍPRÓTTMANNS

## DALVÍKURBYGGÐAR Í STAFRÓFSRÖÐ



**Nafn:** Elín Björk Unnarsdóttir

**Íþróttagrein:** Sund

**Íþróttafélag:** Sundfélagið Rán

**Íslandsmeistararitlar eða sambærilegt t.d. landsliðsúrtak:**

Íslandsmeistari í aldursflokknum 60 – 64 ára í 50 m flugsundi og 100 m flugsundi. Elín bætti garpametið frá árinu 2017 í 50 m flugsundi um tæpar 3 sekúndur og setti einnig nýtt garpamet í 100 m flugsundi á Íslandsmóti Garpa sem fór fram í Sundlaug Kópavogs

**Ástæða tilnefningar:**

Elín er fyrirmyndar sundkona og einn af mörgum sund iðkenndum landsins sem njóta góðs af sundíþróttinni.

**Nafn:** Hafsteinn Thor Guðmundsson

**Íþróttagrein:** Golf

**Íþróttafélag:** Golfklúbburinn Hamar

**Íslandsmeistararitlar eða sambærilegt t.d. landsliðsúrtak:**

Hafsteinn náði mjög góðum árangri í stigamótum sumarsins og endaði sumarið í 4. sæti á heildar stígalista GSÍ í flokki 15 – 16 ára. Hann var í 4. sæti í Íslandsmótinu í höggleið auk þess sem hann komst í fjögurra manna úrslit í Íslandsmótinu í holukeppni. Í lok sumarsins var Hafsteinn valinn ásamt 30 stigahæstu kylfingum ársins á aldrinum 21 árs og yngri til að taka þátt í unglingskeppinu í Mosfellsbæ. Þar endaði Hafsteinn í 4. sæti. Þá vann Hafsteinn Norðurlandsmótaröðina í flokki 15 – 18 ára. Hafsteinn er klúbbmeistari GHD bæði í unglings- og fullorðins flokki.

**Ástæða tilnefningar:**

Hafsteinn Thor hefur gríðarlegan mikinn vilja til þess að ná langt í golf íþróttinni. Þrátt fyrir ungan aldur þá býr hann yfir gífurlegum aga þegar kemur að æfingum hvort sem það er innan skipulagðs æfingatíma eða á eigin forsendum. Hafsteinn hefur tekið gríðarlegum framförum síðast í liðin ár og nú í sumar varð hann klúbbmeistari Golfklúbbsins Hamars, bæði í sínum aldurflokki og í meistaraflokki fullorðna. Hafsteinn er einn efnilegasti kylfingur landsins og eru engin takmörk fyrir því hversu langt hann getur náð ef hann heldur áfram á þeirri vegferð sem hann er á. Hafsteinn er afar einbeittur og skipulagður ungur maður.

**Nafn:** Lovísa Rut Aðalsteinsdóttir

**Íþróttagrein:** Blak

**Íþróttafélag:** KA

**Íslandsmeistararitlar eða sambærilegt t.d. landsliðsúrtafak:**

Lovísa varð Íslandsmeistari, bikarmeistari og deildarmeistari í blaki með KA á síðasta keppnistímabili. Hún spilaði flesta leiki KA á síðustu leiktíð og það sem af er þessari leiktíð. Lovísa hefur áður verið valin í landsliðsúrtafak, en eins og kom fram í tilkynningu frá kvennaliði KA síðasta vor gaf engin leikmaður KA kost á sér til landsliðsverkefna vegna gríðarlegs kostnaðar sem slíkri þátttöku fylgir.

**Ástæða tilnefningar:**

Lovísa er frábær fyrirmynd í sinni íþrótt. Hún sýnir mikinn metnað og dugnað við æfingar og hefur það skilað sér í glæsilegum árangri.

**Nafn:** Sveinbjörn Hjörleifsson

**Íþróttagrein:** Hestaíþróttir

**Íþróttafélag:** Hestamannafélagið Hringur

**Íslandsmeistararitlar eða sambærilegt t.d. landsliðsúrtafak:**

Sigurbjörn sótti skeiðmót víða um norðurland með frábærum árangri og má þar helst nefna:

1. sæti í 250 metra skeiði og 3. sæti í 150 metra skeiði á world ranking Hólamótinu.

1. sæti á Mývant open. Á stórmóti Hrings var hann í 3. sæti í 150 metra skeiði og í 2. sæti í 100 metra skeiði á tímanum 7,82 sem er 33 besti tími ársins. Hann var í 1. sæti í 250 metra skeiði á tölt og kappreiða móti Funa. Hann var í 3. sæti í 100 metra skeiði á haustmóti Léttis.

**Ástæða tilnefningar:**

Sveinbjörn er mikill keppnismaður sem hefur alla tíð verið duglegur að taka þátt í mótum og það með góðum árangri. Síðustu ár sérstaklega í skeiði. Sveinbjörn stundar sína hestamennsku í Hringsholti þar sem hann eyðir stærstum hluta sólarhringsins við þjálfun, kennslu og í ferðaþjónustu. Sveinbjörn hefur til fjölda á ára verið helsti sérfræðingur Hestamannafélagsins Hrings í Skeiði.

**Nafn:** Torfi Jóhann Sveinsson

**Íþróttagrein:** Skíði, alpagreinar

**Íþróttafélag:** Skíðafélag Dalvíkur

**Íslandsmeistararitlar eða sambærilegt t.d. landsliðsúrtak:**

Bikarmeistari Skíðasamband Íslands í flokki 16 – 17 ára. 2. sæti í bikarkeppni SKÍ fullorðina. Valinn í skíðalandslið Íslands b-lið. Tók þátt á Ólympíudögum Evrópuæskunar fyrir Íslands hönd í janúar 2023, sigur á alþjóðlegu FIS móti í Bláfjöllum í mars. Mikil bæting á FIS-stigum alþjóða heimslistans, sem opnaði fyrir sæti í landsliðinu.

**Ástæða tilnefningar:**

Torfi Jóhann æfir og keppir í alpagreinum undir merkjum Skíðafélags Dalvíkur. Þar sem enginn fullorðinsflokkur er í boði á Dalvík þá stundar hann æfingar með Skíðafélagi Akureyrar og hefur gert undanfarin ár. Torfi hefur þó reynt að æfa í Bökkvisstaðafjalli þegar færi hefur gefist, og hefur verið mjög duglegur að gefa af sér til yngri iðkenda félagsins. Torfi er mjög samviskusamur og duglegur iðkandi og hefur sýnt það undanfarin ár að með þrautsegu og metnaði er hægt að ná árangri. Þá er hann frábær fyrirmynd fyrir aðra iðkenndur félagsins.

**Nafn:** Þröstur Mikael Jónasson

**Íþróttagrein:** Knattspyrna

**Íþróttafélag:** Dalvík/Reynir

**Íslandsmeistararitlar eða sambærilegt t.d. landsliðsúrtak:**

Íslandsmeistari í 2.deild karla sumarið 2023

**Ástæða tilnefningar:**

Þröstur var fyrirliði og einn besti leikmaður Dalvíkur/Reynis sumarið 2023 þegar liðið tryggði sér óvæntan, en verðskuldaðan sigur í 2.deild karla.

Þröstur átti frábært sumar, fór fyrir liði sínu með baráttu og sigurvilja, og var valinn besti leikmaður liðsins á lokahófi félagsins annað árið í röð.

Þröstur stimplaði sig inn sem einn besti varnarmaður deildarinnar og fékk verðskuldaða athygli með frammistöðu sinni í sumar.